

AUGLÝSING

16

21. jan.

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi reglugerð nr. 76/1958, fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

Við 46. gr. b1 bætist ný málsgrein, 3. málsgrein, svofelld:

Nú óskar stúdent að haga námi sínu í samræmi við ákvæði 47. gr. c-liðs, og lýkur námi hans þá með miðprófi.

2. gr.

Við 47. gr. bætist nýr stafliður, c. svofelldur:

c. Sérákvæði um síðara hluta nám.

Nú ákveður stúdent í upphafi náms að stunda framhaldsnám og ljúka fulln-
aðarprófi við danska lyfjafræðingaskólann eða annan erlendan lyfjafræðingaskóla,
er deildin metur gildan, og skal hann þá auk upphafsprófs og miðprófs ljúka prófi
í rekstrarfræði lyfjabúa, enda hefji hann nám í þessari grein þegar í upphafi fyrsta
árs og ljúki prófi í lok þess kennsluárs.

Einkunn í þessari grein reiknast þá sem hluti af heildareinkunn upphafsprófs,
sbr. 47. gr. b.

Standist stúdent eigi próf, er honum heimilt að þreyta þau aftur, sbr. 47. gr. a.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. janúar 1961.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

17

21. jan.

um heimilishjálp á vegum Sambands Austur-Skaftfellskra kvenna.

1. gr.

Sveitarstjórnin og Samband A.-Skaftfellskra kvenna fara með stjórn heimilis-
hjálparrinnar á sambandssvæðinu. Daglega umsjón með framkvæmd heimilishjálpa-
rinnar annast féhirðir sambandsins.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparrinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er
með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálpar-
innar metur gildan að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar,
slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt lengur en 14 daga í senn. Þó er heimilt að
framlengja þann tíma ef ástæða þykir til.